

LANGANESBYGGÐ



25. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn þriðjudaginn 13. júní 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Karl Ásberg Steinsson, Reimar Sigurjónsson, Aðalbjörn Arnarsson og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engin athugasemd gerð.

Dagskrá fundar:

1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám að Bakkavegi 2 Þórshöfn.
2. Lóðaumsókn frá Aðalbirni Arnarsyni vegna Heiðarhóls.
3. Beiðni um umsögn um teikningar af Hafnargötu 2a Bakkafirði af húsnæði Hróðgeirs hvíta.
4. Lögn undir veg milli húsa Ísfélagsins á Þórshöfn.
5. Þorpin okkar – umhverfistillögur
6. Skráning lóðaleigusamninga, á lóðaleigumblöðum og fleira því tengt.
7. Mótun stefnu fyrir sveitarfélagið um frágang, urðun og endurvinnsla sorps.
8. Önnur mál.

Fundargerð.

1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám að Bakkavegi 2 Þórshöfn.

Fram er lögð umsókn um tímabundið stöðuleyfi dags. 6. júní 2017, umsókninni fylgja uppdrættir af staðsetningu. Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 40 feta gám að Bakkavegi 2. Þórshöfn frá 6. júní 2017 til og með 31. desember 2017.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykktir erindið fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða

2. Ósk um nafnabreytingu á lóðaumsókn vegna Langholts 1a.

Aðalbjörn kvaddi sér hljóðs og bar upp vanhæfi sitt vegna tengsla við málið, vanhæfi samþykkt og yfirgaf fundinn kl. 12:15

Fram er lögð ósk Aðalbjörns Arnarsonar þess efnis að aðilaskipti verði á lóðarumsókn hans dagsettri 12. ágúst 2013. Óskað er eftir að Heiðarhóll ehf kt. 510112-0400 verði lóðarhafi. Einnig þarf að breyta áður gerðum drögum að lóðarleigusamningi vegna breyttra forsendna sem felast í skiptingu lóðarinnar í a og b hluta. Sú skipting hefur farið fram að ósk umsækjanda með smávægilegri breytingu á lóðablöðum.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykktir erindið fyrir sitt leyti og leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að ganga frá lóðarleigusamningi við Heiðahól á ofangreindum forsendum. Samþykkt samhljóða
Aðalbjörn kom aftur inn á fundinn kl. 12:20

3. Beiðni um umsögn um teikningar af Hafnargötu 2a Bakkafirði af húsnæði Hróðgeirs hvíta.



Fram eru lögð drög að teikningum vegna hugmynda forsvarsmanna Hróðgeirs hvíta um viðbyggingu við núverandi aðstöðuhús útgerðarinnar. Óskað er álits nefndarinnar á hugmyndinni.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og Skipulagsnefnd fagnar áformum um aukin umsvif fyrirtækisins og húsnæðisþörf. Nefndin telur að drögin samræmist ágætlega því umhverfi sem er á svæðinu. Forsvarsmönnum fyrirtækisins er bent á að þörf gæti verið á grenndarkynningu ásamt og að nauðsynlegt er að senda fullgerðar teikningar til byggingarfulltrúa til umsagnar og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

4. Lögn undir veg milli húsa Ísfélagsins á Þórshöfn.

Fram eru lagðar teikningar vegna áforma Ísfélagsins um lagnatengingu milli löndunaraðstöðu uppsjávarskipa vigtarhúss og frystihúss. Fram kemur í tölvupósti verksmiðjustjóra Ísfélagsins til hafnarvarðar að verktími sé áætlaður fjórar til sex vikur með frágangi. Einnig kemur fram í póstinum að mikilvægt sé að framkvæmdi geti hafist sem fyrst svo þeim verði lokið fyrir komandi uppsjávarvertíð.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og Skipulagsnefnd samþykkir málið fyrir sitt leiti en bendir á að hafnarnefnd þurfi að fjalla um það. Samþykkt samhljóða.

5. Þorpin okkar – umhverfistillögur

Fram er lögð samantekt á tillögum sem að mestu unnar upp úr hugmyndum frá íbúum á umhverfisblöðum sem fóru í hvert hús haustið 2014. Einnig eru í samantektinni verkefni sem hugmyndir hafa verið uppi um að framkvæma ef styrkur fengist úr framkvæmdarsjóði ferðamannastaða eða öðrum sjóðum. Sum verkefnanna eru tiltölulega auðveld í framkvæmd og kostnaðarlítill, en stærri verkefnum má áfangaskipta. Sem fyrir segir, þá eru þetta einungis tillögur, en þær má nýta sem grunn að verkefnalista á komandi árum.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar framkomnar tillögur og greinargerð. Frekari umræðu frestað fram til næsta fundar nefndarinnar.

6. Skráning lóðaleigusamninga, á lóðablöðum og fleira því tengt.

Í ljós hefur komið að lóðarmörk, lóðarleigusamningar og svokölluð lóðarblöð, sem geyma nánari upplýsingar um afmörkun lóða í sveitarfélaginu, fá ekki í öllum tilvikum samræmist opinberum skrá og/eða öðrum gildum lóðarleigusamningum. Það er mikilvægt fyrir alla aðila að þessi réttindi einstaklinga og fyrirtækja séu eins skýr og afmörkuð og nokkur er kostur. Af því tilefni er lögð fram tillaga í nefndinni um að sveitarstjóra verði falið að skoða einstaka lóðarleigusamninga sem í gildi eru um lóðir í sveitarfélaginu, samhliða því yfirfara lóðarmörk þeirra sem þurfa skoðunar við og mæla upp lóðir, afmarka lóðarmörk í samræmi við lóðarleigusamninga og opinberar skrár og útbúa lóðarblöð ef þess er þörf til samræmis við það. Framangreint er liður í þeirri vinnu sveitarfélagsins að færa skipulags- og lóðarmál til betra horfs og uppfylla lögbundnar skyldur og kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga hvað skipulag lóða og

LANGANESBYGGÐ



skráð réttindi áhrærir varðandi lóðarleiguréttindi einstaklinga og sveitarfélaga. Er ráð fyrir því gert að þegar sveitarstjóri hefur yfirfarið einstaka lóðarleigusamninga og lóðarmörk að hann leggi fyrir nefndina tillögu að nýjum lóðarblöðum varðandi viðkomandi lóðir og lóðarleigusamningum, sé þörf á breytingum eða lagfæringum á gildandi samningum svo þeir sýni rétt lóðarmörk, þ.e. ef skoðun leiðir til þess að gera verði lagfæringar á gildandi lóðarleigusamningum.

Tillaga:

Umhverfis- og skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að sveitarstjóra verði falið að yfirfara lóðarleigusamninga sem í gildi eru um lóðir í sveitarfélaginu, mæla upp lóðir, afmarka lóðarmörk og útbúa lóðarblöð í samræmi við það og eftir atvikum útbúa nýja lóðarleigusamninga um umræddar lóðir, þar sem þess telst þörf, til þess að samningar séu í samræmi við lóðarmörk / lóðarblöð og aðra samninga. Nefndin samþykkir jafnframt að fela sveitarstjóra að gera skrá yfir lausar lóðir og auglýsa þær síðan lausar til umsóknar.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og beinir því til sveitarstjórnar að fela sveitarstjóra framkvæmd verkefnisins. Samþykkt samhljóða.

7. Mótun stefnu fyrir sveitarfélagið um frágang, urðun og endurvinnsla sorps.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála og þau mál sem upp hafa komið, sýndi skjöl og myndir.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að samið verði við Íslenska Gámafélagið á sambærilegum forsendum og samþykkt var af nefndinni þann 29.júní 2016. Lagt er til að samið verði við Íslenska Gámafélagið á grundvelli áður fram lagðra samningsdraga. Samþykkt samhljóða

8. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:51.